

## Fundargerð 251. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Fundarsalur Þingborg
<b>Fundardagur:</b>	Þriðjudagur 6. júlí 2021
<b>Fundartími:</b>	13:00 – 15:40
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð.. Engar athugasemdir gerðar. Í upphafi fundar voru Guðrúnu Elísu Gunnarsdóttur gjaldkera/ritara á skrifstofu Flóahrepps þökkuað hennar góðu störf í þágu Flóahrepps undanfarin 13 ár. Hún hverfur nú til annarra starfa. Guðrún þakkaði einnig gott samstarf á liðnum árum.

### Dagskrá:

- 1. Tillaga sveitarstjórnar að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps - ný íbúðasvæði leyfð**  
Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2016 - 2028 er ekki gert ráð fyrir nýjum svæðum undir íbúðabyggðir. Í ljósi þess mikla áhuga sem er fyrir því að stofna ný íbúðasvæði, þá felur Sveitarstjórn Flóahrepps skipulagsfulltrúa að vinna að breytingu á greinargerð gildandi aðalskipulags Flóahrepps í þá veru að ný íbúðasvæði verði heimiluð á svæðum sem vel liggja að samgöngum og veitukerfum.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 219, dags. 09.06.2021**

#### a) Svæðisskipulag Suðurlandis 2020 – 2032 – 2106017

Lögð er fram skipulagslýsing vegna svæðisskipulags fyrir Suðurlandið. Skipulagssvæðið nær yfir hálendissvæði 9 sveitarfélaga á Suðurlandi í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum. Auk þessara 9 sveitarfélaga taka Árborg og Flóahreppur þátt í verkefninu. Afmörkun skipulagssvæðis fylgir þjóðlendumörkum. Svæðisskipulag skal, skv. skipulagslögum nr. 123/2010, ná yfir svæði sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda.

*Skipulagsnefnd UTU hefur farið yfir lýsingu skipulagsáforma fyrir svæðisskipulag Suðurlandis 2020-2032 sem samþykkt var á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 25. maí sl. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórnir aðildarfélaga UTU samþykki lýsinguna til kynningar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og grein 3.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Sveitarstjórnir Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Bláskógabyggðar hafa nú þegar samþykkt lýsinguna til kynningar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn er varða

Svæðisskipulag Suðurlandis 2020 – 2032

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21 – 144 – 2105005F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní 2021.

- 3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 220, dags. 23.06.2021**

#### a) Hamar land 2, L212450; Deiliskipulag – 2106069

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. er varðar deiliskipulag í landi Hamars 2 L166404 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan land Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið- / vélaskemmum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr, allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess að staðfang lóðarinnar verði tekið til endurskoðunar.*

Lögð er fram umsókn um deiliskipulag í landi Hamars 2 L166404 sem felur í sér skilgreiningu á byggingarheimildum á 110 ha lands, þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið/vélaskemum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr allt að 200 fm auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir því að staðfang lóðarinnar verði tekið til endurskoðunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Hnaus 2; Breyting á stærð lóða og ný aðkoma; Deiliskipulagsbreyting – 2106034**

Lögð er fram umsókn frá Gísla B. Björnssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hnaus 2. Í breytingunni felst að lóð Hnaus 2A breytist og minnkar, lóðum Hnausás 1-4 er hnikað til og þær stækka. Akvegur frá hesthúsalóð Hnaus 2C og að lóðum er felldur út en í hans stað kemur nú aðkoma að lóðum í Hnausás.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi að Hnaus 2 sem felst í því að lóð Hnauss 2 breytist og minnkar, lóðum Hnausás 1 – 4 er hnikað til og þær stækka. Akvegur frá hesthúsalóð Hnauss 2 C og að lóðum er felldur út en í hans stað kemur nú aðkoma að lóðum í Hnausási. Málið hefur verið grenndarkynnt og hafa hagsmunaaðilar lýst skriflega yfir með áritun sinn á kynningargögn málsins að þeir geri ekki athugasemdir við breytinguna.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með 5 atkvæðum.

**c) Skálmholt land L1866111; Úr frístundabyggð og landbúnaðarsvæði í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting – 2106047**

Lögð er fram umsókn frá Nuuk ehf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Í umsókninni felst breytt landnotkun á um 70 ha svæði í landi Skálmholts land L186111. Í breytingunni felst að núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði.

*Skipulagsnefnd UTU telur að svo umfangsmikil breyting á landnotkun sé í grundvallaratriðum gegn núverandi stefnu aðalskipulags Flóahrepps þar sem ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra íbúðarhúsasvæða innan sveitarfélagsins umfram þau svæði sem fyrir eru skilgreind. Sé sveitarstjórn jákvæð fyrir erindinu hvetur nefndin til þess að stefna og forsendur er varðar íbúðarhúsabyggð í aðalskipulagi Flóahrepps verði tekin til endurskoðunar. Nefndin er að öðru leyti jákvæð gagnvart uppbyggingu á svæðinu og telur að staðsetning þessara hugmynda sé góð út frá fjarlægð í helstu þjónustu og stofnvegi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps er jákvæð fyrir umræddri breytingu en frestar afgreiðslu málsins þar til gerð hefur verið breyting á texta aðalskipulags Flóahrepps 2016 – 2028 sem felur í sér heimildir til breytingarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Skógsnes 2, L229833 og Lauftún , l 230656; Deiliskipulag – 2106070**

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. er varðar deiliskipulag lóða Skógsnes 2 L229833 og Lauftúns L230656 úr landi Skógsness í Flóahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað rísi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll-/skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Lögð fram umsókn um deiliskipulag lóða Skógsness 2 L229833 og Lauftúns L230656 úr landi Skógsness í Flóahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi, gestahúsi, reiðhöll/skemmu og vélaskemmu á báðum lóðunum sem eru hvor um sig 60 ha.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsóknir með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**e) Lækjarholt 1 L231163 og 2 L231164; Deiliskipulag – 2106068**

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun er varðar nýtt deiliskipulag í landi Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2 í Flóahreppi. Innan skipulagsins er m.a. gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir

þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1-2 tveimur hæðum ásamt 6 gestahúsum hvert um sig allt að 40 fm. Auk þess er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi/skemmu allt að 400 fm auk 7 lítilla gistihúsa allt að 50 fm hvert. Lækjarholt 1 er um 9 ha að stærð og Lækjaholt 2 um 2 ha. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir því að Lækjarholt 2 verði óbreytt en Lækjarholt 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 - 2,60 ha að stærð.

*Skipulagsnefnd UTU telur að framlagt deiliskipulag samræmist ekki skilmálum aðalskipulags Flóahrepps er varðar byggingar á landbúnaðarlandi og mælist til þess við sveitarstjórn að málinu verði synjað í núverandi mynd. Nefndin telur að forsenda samþykktar á deiliskipulaginu í núverandi mynd sé að viðeigandi landnotkun verði skilgreind fyrir íbúðarhúsaloðir og verslun- og þjónustu sem tekur til gistihúsa.*

Lögð er fram umsókn um nýtt deiliskipulag í landi Lækjarholts 1 og Lækjarholts 2 þar sem gert er ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þremur íbúðarhúsum með bílskúr allt að 300 fm á 1 – 2 hæðum ásamt 6 gestahúsum hvert um sig 40 fm. Auk þess er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi/skemmu allt að 400 fm auk 7 gistihúsa allt að 50 fm hvert. Í gögnunum er gert ráð fyrir að Lækjarholt 2 verði óbreytt, um 2 ha að stærð en Lækjarholt 1 skiptist upp í 3 spildur á bilinu 2,19 – 2,60 ha að stærð.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar umsókninni þar sem deiliskipulagið fellur ekki að forsendum aðalskipulags hvað varðar skilgreiningu á landnotkun. Landið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en ætti samkvæmt umfangi fyrirhugaðrar starfsemi að vera skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Sviðugarðar land (L210074); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður með svefnlofti – 2105095**

Fyrir liggur umsókn Þórlaugar Bjarnadóttur, móttekin 20.05.2021, um byggingarleyfi til að byggja 76,9 m<sup>2</sup> sumarbústað með svefnlofti á lóðinni Sviðugarðar land L210074 í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Nefndin mælist til þess að staðfang landsins verði tekið til endurskoðunar samhliða vinnslu deiliskipulags.*

Málið hefur verið grenndarkynnt og hafa hagsmunaaðilar lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn málsins að þeir geri ekki athugasemdir við hina leyfisskyldu framkvæmd.

Málið hefur því hlotið málsmeðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis fyrir umsóttri framkvæmd og vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g) Urriðafossnáma E7 L166392; Efnistaka; Mól; Framkvæmdaleyfi – 2106124**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Urriðafossnámu E7 ásamt drögum að deiliskipulagi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt og fái málsmeðferð á grundvelli 5. mgr. 13. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna viðkomandi efnistöku enda sé hún í takt við heimildir aðalskipulags.*

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á námusvæði E7 ásamt drögum að deiliskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gögn og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi. Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirbyggjandi deiliskipulagsdrög.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**h) Egilsstaðatjörn L196514; Egilsstaðir 2 L166332; Stækkun lóðar – 2106131**

Lögð er fram umsókn Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. eigenda, dags. 12. maí, um stækkun lóðar. Óskað er eftir að stofna 30.598,7 fm lóð úr landi Egilsstaða 2 L166332 í þeim tilgangi að sameina við Egilsstaðatjörn L196514 sem verður 113.517,2 fm eftir stækkun.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Lögð er fram umsókn um landskipti vegna 30.598 fm lóðar úr landi Egilsstaða 2 L166332 sem óskað er eftir að fái að sameinast Egilsstaðatjörn L196514 sem verður 113.517,2 fm eftir stækkun. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir landskiptin og samrunaskjal skv. fyrirbyggjandi beiðni og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 13. gr. jarðalaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**i) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 21-145 – 210602F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní 2021.

**4. NPA setur Suðurlands – kynning „Teams“ fjarfundabúnaður**

Hafðís Bjarnadóttir og Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir óskuðu eftir að fresta kynningu þar til að loknum sumarleyfum.

**5. Fyrirspurn vegna hleðslukassa frá Orkusölu**

Lögð fram fyrirspurn frá starfsmönnum Flóahrepps vegna hleðslustöðvar Orkusölu sem staðsett er í Þingborg. Sveitarstjórn er hvött til þess að virkja hana að fullu þar sem hún er skráð á korti Orkusölu yfir hleðslustöðvar.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar ábendinguna og vísar málinu til sveitarstjóra og umsjónarmanns fasteigna til frekari úrvinnslu á grundvelli umræðu fundarins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Urriðafoss – göngustígur**

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur úthlutað Flóahreppi 13 millj. kr. til þess að bæta aðgengi að útsýnisstað við Urriðafoss með sérstakri áherslu á aðgengi fatlaðra. Eftir verðfyrirspurn sem send var á 6 jarðvegsverktaka barst aðeins eitt tilboð frá fyrirtækinu Verk og tæki. Yfirferð tilboðsins er lokið og hljóðar það upp á 16 milljónir króna með Vsk. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Verk og tæki á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Úrgangsmál og fyrirkomulag sorphirðu – upplýsingar um stöðu mála**

Lögð fram gögn frá stjórn Sorpstöðvar Suðurlands unnin af Umhverfisráðgjöf Íslands (Environice) sem sýna tölulegar upplýsingar um innvígtað magn úrgangs og endurvinnsluefnis af svæði SOS, skipt niður eftir sveitarfélögum og úrgangsflokkum.

Íbúar Flóahrepps standa sig vel í þessum samanburði.

Sveitarstjórn bendir á að hægt er að lækka kostnað íbúa og rekstraraðila vegna sorphirðu á heimilum og í fyrirtækjum með því að minnka umfang óflokkanlegs úrgangs og gera breytingar á ílátastærðum. Einnig er hægt að losa sig við úrgang og endurvinnsluefni á starfsstöð Íslenska Gámafélagsins í Hrísmýri. Íslenska gámafélagið er einnig með það í skoðun að breyta sorphirðudagatali þannig að ferðum með endurvinnsluefni verði fjölgað en ferðum með grátunnuefni fækkað. Hafa þarf samband við skrifstofu Flóahrepps til þess að gera breytingar á ílátastærðum eða fjölga ílátum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – kynning á launaþróun**

Lagt fram minnisblað frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem bent er á launaþróun hjá sveitarfélögum í gildandi kjarasamningum. Bent er á að þegar samið er um krónutöluhækkun til þess að bæta hag þeirra sem eru ófaglærðir og hafa lægst laun veldur það því að launakostnaður vegna þessara starfsmanna hækkar umtalsvert umfram launavísitölu. Sú þjónusta sem sveitarfélög veita byggir að töluvert miklu leyti á vinnuframlagi þessa hóps. Öðru máli gegnir um störf á vegum ríkisins sem flest krefjast einherrar fagmenntunar. Sá kostnaðarauki sem sveitarfélög taka á sig í kjölfar nýgenginna kjarasamninga er þess vegna umtalsverður og umhugsunarefni hvernig tekst að mæta því. Ótalinn er sá kostnaður sem óhjákvæmilega verður vegna styttingar vinnuviku eigi að halda þjónustu óbreyttri.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir erindið og mun í undirbúningi fjárhagsáætlunargerðar og við endurskoðun á þjónustu skoða þá stöðu sem skapast hefur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 9. Opnunartími Krakkaborgar – endurskoðun á tillögu að breytingum

Á fundi sveitarstjórnar nr. 250 var lögð fram tillaga um styttingu á opnunartíma Krakkaborgar til þess að mæta auknum launakostnaði og til þess að auðvelda leikskólastjóra allt skipulag vegna aukins undirbúningstíma leikskólakennara og vegna styttingar vinnuvikunnar sem hefur tekið gildi að fullu. Var þörfin metin og tillaga að breyttum opnunartíma byggð á gildandi vistunarsamningum þeirra barna sem munu dvelja í Krakkaborg næsta skólaár og nýtingu á vistunartíma barnanna s.l. vetur.

Talsverð umræða hefur skapast um þessar breytingar og ekki síst verklag við þessa ákvarðanatöku. Sveitarstjórn tekur undir ábendingar foreldra um að málið hefði þurft að fá ítarlega umræðu í foreldraráði áður en það var tekið til formlegrar afgreiðslu og biðst velvirðingar á að svo skyldi ekki hafa orðið.

Jafnframt komu fram ábendingar á íbúafundi um að ekki væri langt síðan vistunartími hefði verði stytur um hálf klukkustund. Stytting um 80 mínútur á föstudögum væri alveg óásættanleg vegna þess að það er 21 barn sem þarf á vistun að halda til klukkan 16:00, 5 börn til klukkan 16:15 og eitt barn til klukkan 16:30.

Foreldrar töldu sig einnig þurfa lengri tíma heldur en fram í ágúst 2021 til þess að semja um breytingar við sína vinnuveitendur um styttingu og jafnframt að stytting vinnuvikunnar væri alls ekki orðin að veruleika hjá öllum atvinnurekendum.

Í ljósi alls þessa er ákvörðun um styttingu opnunartíma á föstudögum breytt á þann veg að föstudagsopnun verður til klukkan 16:15 eins og hina dagana. Sveitarstjórn óskar eftir því að foreldraráð og fræðslunefnd taki málið til formlegrar umfjöllunar. Óskað er eftir því við foreldraráð og fræðslunefnd að gert verði mat á nýju fyrirkomulagi og gerð tillaga að breytingum ef það verður talið nauðsynlegt, áður en kemur að afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 og opnunartími leikskólans endurskoðaður á grundvelli þess um næstu áramót ef það verður sameiginleg niðurstaða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 10. Sumarleyfi sveitarstjórnar Flóahrepps og sumarlokun skrifstofu Flóahrepps

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur sumarleyfi frá 7. júlí – 9. ágúst. Skrifstofa Flóahrepps lokar í 3 vikur frá 12. júlí – 3. ágúst 2021.

Samþykkt með 5 atkvæðum

#### 11. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þriðjudaginn 10. ágúst 2021, klukkan 13:00 í Þingborg

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 12. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 250, dags. 11.05.2021  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 14.06.2021  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Stjórnar SOS nr. 302 dags. 18.05.2021  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 899, dags. 11.06.2021  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 13. Efni til kynningar:

- a) Umbótaáætlun vegna ytra mats – Flóaskóli stöðumat 06.2021
- b) Ársreikningur Eignarhaldsfélags Suðurlands 2020
- c) Ársreikningur Hitaveitu Hraungerðishrepps 2020

#### 14. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarmálabók

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Eydís P. Indriðadóttir (sign)